Nr. 16.
19.
septbr.

Lög

um

breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað, 19. oktbr. 1877 2. gr. a.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi. Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Lóðargjald það, sem ákveðið er í lögum um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað 19. oktbr 1877, 2. gr. a., að gjalda skuli af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, 3 aurar af hverri ferhyrningsalin af flatarrúmi undir húsinu, skal fært niður í 2 aura fyrir hverja ferhyrningsalin, að því leyti, er snertir torfbyggingar þær, sem voru til 1. janúar 1878.

2. grein.

Gjaldlækkun sú, sem ákveðin er í 1. gr., nær eigi til þeirra torfbygginga, sem á tímabilinu frá 1. janúar 1878 til þess lög þessi öðlast gildi kynnu að hafa fengið aðalaðgjörð, eða ef veruleg breyting hefir verið á þeim gjörð; svo fellur og gjaldlækkunin burt, ef torfbygging hefir fengið slíka aðgjörð, eða henni hefir verið breytt á þann hátt sem sagt var, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi.

3. grein.

Byggingarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar sker úr því í hvert skipti, hvort aðgjörð eða breyting á torfbyggingu verði álitin aðalaðgjörð eða veruleg breyting.

4. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1880.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. dag septbrm. 1879.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 16. 19de Septbr.

angaaende

Ændring i Lov om den kommunale Beskatning i Kjøbstaden Reykjavik af 19de Oktbr. 1877 § 2 a.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

§ 1.

Den i Lov om den kommunale Beskatning i Kjøbstaden Reykjavik af 19de Oktbr. 1877 § 2 Litr. a. for alle Bygninger i Kjøbstadens Jurisdiktion fastsatte Grundafgift af 3 Øre af hver □ Alen af Bygningens Fladeindhold nedsættes til 2 Øre af hver □ Alen, for de Græstørvbygningers Vedkommende, der vare opførte den 1ste Januar 1878.

§ 2.

Den ved § 1 hjemlede Nedsættelse finder ikke Anvendelse paa de Græstørvbygninger, som i Tidsrummet mellem 1ste Januar 1878 og nærværende Lovs Ikrafttræden maatte være blevne underkastede Hovedreparation eller en væsentlig Forandring, ligesom Nedsættelsen bortfalder, naar en Græstørvbygning efter denne Lovs Ikrafttræden underkastes en saadan Reparation eller Forandring.

§ 3.

Reykjavik Kjøbstads Bygningskommission afgjør i hvert enkelt Tilfælde, om en Reparation eller Forandring af en Græstørvbygning kan betegnes som en Hovedreparation eller en væsentlig Forandring.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1880.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg den 19de Septbr. 1879.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

(Optrykt Side.)